Þekkingarnet Þingeyinga

# Mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum 2014






Apríl 2015

Apríl 2015

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Jólaball: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Kartöfluuppskera: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Öskudagsball: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Strandblak: Óli Halldórsson

*Ábyrgð/ritstjórn:*
*Óli Halldórsson/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir*

*Framkvæmd:*
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir/Helena Eydís Ingólfsdóttir

ISBN978-9935-405-48-7

# EFNISYFIRLIT

Inngangur ---------------------------------------------------------------- 2

Sveitarfélög ---------------------------------------------------------------- 3

Langanesbyggð ---------------------------------------------------------- 3

Svalbarðshreppur ------------------------------------------------------- 5

Norðurþing --------------------------------------------------------------- 7

Tjörneshreppur --------------------------------------------------------- 9

Þingeyjarsveit ---------------------------------------------------------- 11

Skútustaðahreppur ----------------------------------------------------- 13

Byggðakjarnar ----------------------------------------------------------- 17

Svæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild --------------------------- 15

Þéttbýliskjarnar og nærsveitir -------------------------------------- 21

Helstu niðurstöður ----------------------------------------------------- 26

Heimildir ----------------------------------------------------------------- 28

# Inngangur

Árlega tekur Þekkingarnet Þingeyinga saman tölur um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum. Þetta er gert til að fylgjast með byggðaþróun og hvernig sá mannfjöldi sem þar býr skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar miða allir við talnaefni frá Hagstofu Íslands og miðar við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar hvert ár. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en nokkrir minni byggðakjarnar eru á svæðinu öllu og sveitir.

Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2011 en þá breytti Hagstofan lítillega mörkum fyrir þá. Eldri tölur má nálgast í skýrslum ÞÞ á www.hac.is eða á vefsíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is.

Niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast við að framsetningin sé skýr og einföld.

# Sveitarfélög

## Langanesbyggð




| Ár | Breyting |
|---|---|
| 2005 | 2,81% |
| 2006 | -1,10% |
| 2007 | -4,10% |
| 2008 | -7,50% |
| 2009 | 5,61% |
| 2010 | 3,00% |
| 2011 | -3,10% |
| 2012 | 1,39% |
| 2013 | 2,15% |
| 2014 | 1,50% |
| 2015 | -3,40% |

*Mynd 1 Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2005-2015*




*Mynd 2 Kynjaskipting íbúa í Langanesbyggð síðan árin 2005 - 2015*




*Mynd 3 Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2006 og 2015*




| Ár | Breyting |
|---|---|
| 2005 | -7,20% |
| 2006 | -6,00% |
| 2007 | -2,75% |
| 2008 | 8,49% |
| 2009 | -6,10% |
| 2010 | 2,77% |
| 2011 | -4,50% |
| 2012 | -3,77% |
| 2013 | -3,90% |
| 2014 | -8,16% |
| 2015 | 8,88% |

*Mynd 4 Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi árin 2005 – 2015*




*Mynd 5 Kynjaskipting íbúa í Svalbarðshreppi árin 2005 - 2015*




*Mynd 6 Aldursdreifing í Svalbarðshreppi árin 2006 og 2015*

# Norðurþing




| Ár | Breyting |
|---|---|
| 2005 | -1,93% |
| 2006 | -2,16% |
| 2007 | -0,52% |
| 2008 | -0,60% |
| 2009 | 0,60% |
| 2010 | -2,50% |
| 2011 | -0,71% |
| 2012 | -0,72% |
| 2013 | -0,69% |
| 2014 | -1,46% |
| 2015 | -0,56% |

*Mynd 7 Íbúafjöldi í Norðurþingi árin 2005 – 2015*




*Mynd 8 Kynjaskipting íbúa í Norðurþingi árin 2005 – 2015*




*Mynd 9 Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2006 og 2015*

# TJÖRNESHREPPUR




| Ár | Breyting |
|---|---|
| 2005 | -3,00% |
| 2006 | -1,50% |
| 2007 | -4,70% |
| 2008 | 0,00% |
| 2009 | -3,30% |
| 2010 | -3,40% |
| 2011 | 1,70% |
| 2012 | -3,50% |
| 2013 | 0,00% |
| 2014 | 0,00% |
| 2015 | 7,20% |

*Mynd 10 Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2005 – 2015*




*Mynd 11 Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2005 – 2015*




*Mynd 12 Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2006 og 2015*




| Ár | Breyting |
|---|---|
| 2005 | -2,90% |
| 2006 | -1,90% |
| 2007 | 1,48% |
| 2008 | -1,57% |
| 2009 | 0,63% |
| 2010 | -0,63% |
| 2011 | 0,21% |
| 2012 | -3,07% |
| 2013 | -0,11% |
| 2014 | 0,33% |
| 2015 | 0,33% |

*Mynd 13 Íbúafjöldi í Þingeyjarsveit árin 2005 – 2015*




*Mynd 14 Kynjasamsetning í Þingeyjarsveit árin 2005 – 2015*




*Mynd 15 Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2006 og 2015*

# Skútustaðahreppur




*Mynd 16 Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi árin 2005 - 2015*




*Mynd 17 Kynjasamsetning í Skútustaðahreppi árin 2005 – 2015*




*Mynd 18 Aldursdreifing í Skútustaðahreppi árin 2006 og 2015*

## SVÆÐI ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




*Mynd 19 Kynjasamsetning á svæðinu í heild*




| Ár | Breyting |
|---|---|
| 2005 | -1,60% |
| 2006 | -2,00% |
| 2007 | -1,00% |
| 2008 | -1,80% |
| 2009 | 0,56% |
| 2010 | -1,60% |
| 2011 | -0,54% |
| 2012 | -1,00% |
| 2013 | -0,02% |
| 2014 | -1,30% |
| 2015 | 0,10% |

*Mynd 20 Heildarmannfjöldi á svæði Þekkingarnets Þingeyinga árin 2005 – 2015*




*Mynd 21. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin2006 og 2015*

## BYGGÐAKJARNAR




*Mynd 22 Mannfjöldi á Bakkafirði árin 2011 – 2015*




*Mynd 23 Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2011 – 2015*




*Mynd 24 Mannfjöldi á Raufarhöfn árin 2011 – 2015*




*Mynd 25 Mannfjöldi á Kópaskeri árin 2011 – 2015*




*Mynd 26 Mannfjöldi á Húsavík árin 2011 – 2015*




*Mynd 27 Mannfjöldi á Laugum árin 2011 – 2015*




*Mynd 28 Mannfjöldi í Reykjahlíð árin 2011 – 2015*

## ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI




*Mynd 29 Mannfjöldi í póstnúmerinu 685 Bakkafjörður*




*Mynd 30 Mannfjöldi í póstnúmerunum 680 og 681*




*Mynd 31 Mannfjöldi í póstnúmerinu 685 Raufarhöfn*




*Mynd 32 Mannfjöldi í póstnúmerunum 670 og 671 Kópasker*




*Mynd 33 Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík*




*Mynd 34 Mannfjöldi í póstnúmerunum 645 Fosshóll og 650 Laugar*




*Mynd 35 Mannfjöldi í póstnúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir)*



## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Nokkur fækkun varð í Langanesbyggð eftir lítillega fjölgun síðastliðin ár en þar fækkaði íbúum úr á milli ára úr 531 niður í 513. Það má að einhverju leyti útskýra með lögheimilisbreytingum tengdum skólamálum á milli Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, en þessi fækkun var 3,4%. Áfram heldur sveitarfélagið þó að vera með jafnari aldursdreifingu en önnur sveitarfélög á svæðinu.

Íbúum í Svalbarðshreppi fjölgaði um 8,8% og fór úr 90 íbúum upp í 98 íbúa.

Í Norðurþingi varð fækkun um 0,56% íbúa en mannfjöldi fór úr 2822 íbúum niður í 2806 íbúa. Þar vantar nokkuð inn í yngstu aldurshópana og einnig aldurshópa á milli 25-45 ára. Athyglisvert er að fækkun íbúa í Norðurþingi var kynbundin, íbúum fækkaði um 16 talsins, heildartalan sýnir fækkun um 17 konur og á móti bættist við einn karlmaður.

Íbúum í Tjörneshreppi fjölgaði um 7,2% en þar fór mannfjöldi úr 55 íbúm uppí 59 íbúa. Tjörneshreppur er eina sveitarfélagið í Þingeyjarsýslum þar sem konur eru fleiri en karla. Þar vantar þó tilfinnanlega inn í ákveðna aldurshópa, sérstaklega yngstu árin þar sem ekkert barn undir 10 ára er í sveitarfélaginu.

Í Þingeyjarsveit var fjölgun um 3 íbúa sem þýðir 0,33% fjölgun. Aldursdreifingin er með áþekkum hætti og í Norðurþingi og vantar þar inn í yngstu aldurshópana og einnig fólk á milli 25-45 ára.

Í Skútustaðahreppi varð nokkur fjölgun eða um 6,47% íbúa. Þar fór mannfjöldinn úr 371 íbúa í 395 íbúa. Aftur er farið að draga sundur með kynjunum og karlar nú fleiri eftir nokkuð jafna skiptingu síðastliðin ár en þar fjölgaði um 11 konur og 13 karla.

Þegar horft er til byggðakjarnanna má sjá að Bakkfirðingum heldur áfram að fjölga og eru nú 86 talsins og er það fjölgun um 19% þegar horft er til síðustu fimm ára. Þó skal horft til þess að hver íbúi eykur hlutfallið nokkuð þegar um svo fáa íbúa er að ræða.

Á Þórshöfn hefur íbúum fækkað eftir að hafa nokkurn veginn staðið í stað síðustu fimm ár en fækkun er um 4% á þeim tíma. Íbúar voru 373 talsins árið 2011 en fóru í 358 íbúa í ársbyrjun 2015.

Á Raufarhöfn hefur íbúum fækkað um tæp 6% síðastliðin fimm ár, þó að nokkur fjölgun hafi verið á milli áranna 2014 – 2015 þar sem íbúum fjölgaði úr 166 í 183, og var sú fjölgun milli ára því 10%. Aldursgögnin sýna þó að þrátt fyrir þessa fjölgun íbúa fjölgar börnum ekki.

Á Kópaskeri hefur íbúum fækkað eftir að hafa staðið nokkurn veginn í stað síðastliðin ár, fækkun síðastliðin fimm ár er um tæp 6%. Íbúar voru 121 árið 2011 en voru 114 talsins í ársbyrjun 2015.

Á Húsavík hefur íbúum fækkað um 2,3% síðastliðin fimm ár og gerir það fækkun um 50 íbúa þar sem íbúar voru 2234 árið 2011 en voru 2184 talsins í ársbyrjun 2015.

Laugar hefur líkt og Raufarhöfn tekið stökk á milli ára og fjölgun þar síðastliðin fimm ár er 11,3%. Á milli áranna 2014-2015 fjölgaði íbúum úr 111 í 128 og er það fjölgun um 15%, þó nokkuð fáir íbúar standi á bak við það hlutfall.

Í Reykjahlíð hefur íbúum fækkað lítillega síðastliðin ár, farið úr 161 íbúa árið 2011 í 156 íbúa árið 2015 sem er fækkun um tæp 3%. Hins vegar var mikil fjölgun á milli áranna 2014-2015 þar sem íbúum fjölgaði um 10,6%.

Heilt á litið heldur áfram viðvarandi fólksfækkun í Þingeyjarsýslum, þó ekki sé hún mikil fyrir hvert ár. Nokkur breytileiki er þó milli einstakra svæða og ára og mikilvægt að hafa hugfast að fyrir fámennari byggðarlögin og sveitarfélögin getur hreyfing fárra einstaklinga haft mikil áhrif á prósentur. Þá er rétt að nefna sérstaklega að þegar rætt er um neikvæða eða jákvæða stöðu byggða er fjöldi einn og sér ekki nægilegur mælikvarði. Samsetning íbúa skiptir þar ekki síður máli, einkum aldurssamsetningin. Þannig sést t.d. stundum að íbúum fjölgar í tilteknu sveitarfélagi eða þéttbýliskjarna en á sama tíma fækkar börnum á leik- eða grunnskólaaldri. Því er mikilvægt að horfa á samsetninguna ekki síður en fjölda íbúa.

# HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2015). Mannfjöldi 1. janúar 2015. Sótt á hagstofan.is í mars og apríl 2014